



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. apríl 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál.

SFR stéttarfélag í almannapjónustu hefur borist erindi Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags 17. mars, um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál.

SFR tekur ekki afstöðu til staðsetningar Landhelgisgæslu Íslands.

Félagið leggur þó áherslu á að ef til flutnings á starfsemi stofnunarinnar kemur verði tryggt að samráð verði haft við stéttarfélög starfsmanna Landhelgisgæslunnar og að stofnuð verði undirbúningsnefnd starfsmannamála. Markmiðið með stofnun hennar væri að tryggja vönduð vinnubrögð í breytingaferlinu og aðkomu starfsfólks og stéttarfélaga að þessu ferli enda hefðu þau sæti í undirbúningsnefndinni.

Þá hvetur SFR til þess að sú góða reynsla og þekking sem skapast hefur við skipulagsbreytingar hjá ríkinu verði nýtt starfsfólki í hag þannig að farsælega verði staðið að málefnum þeirra í öllu ferlinu.

Með því að hlúa að starfsfólki verður hlutverki Landhelgisgæslu Íslands best sinnt.

Virðingarfyllt,
f.h. SFR stéttarfélags í almannapjónustu

Alma Lía Jóhannsdóttir
sérfræðingur, kjara- og félagssvið SFR